

Að verða fyrir málstoli – hvað felur það í sér?

Málstol verður til þegar heilinn verður fyrir skaða á þeim svæðum sem hefur með tungumálið að gera. Það gerist ef blóðflæðið til „málsvæðanna“ stöðvast vegna blóðtappa eða ef heilavefurinn skaddast vegna heilablæðingar, slyss eða annarra heilaskemmda.

Að verða fyrir málstoli getur þýtt að maður eigi erfitt með að:

- tala
- skilja mál
- lesa
- skrifa

Það er erfitt að lifa í samfélagi eins og okkar ef maður getur ekki lengur notað málið. Við búum í tæknivæddu samfélagi þar sem einstaklingur sjálfur verður að bjarga sér með flesta hluti í gegnum tölvu, miðavélur o.s.frv. Ef orðin eru ekki til staðar, er erfiðara að láta skoðun sína í ljós og láta til sín taka í samfélaginu.

Það sem þú getur gert til að auðvelda samskiptin

Það krefst þekkingu, skilnings og tíma að eiga samskipti við einstakling með málstol.

En mundu, að einstaklingur með málstol hefur ekki glatað lönguninni til að eiga samskipti – það er bara orðið miklu erfiðara vegna málstolsins.

Þess vegna verður að finna einhverjar aðrar lausnir með samskiptin.

Ef einstaklingur á erfitt með að tala, þá skaltu:

- leitast við að hafa samræður stuttar
- vera þolinmóð/ur og sætta þig við hlé á samræðum
- vera hreinskilin/n ef talið skilst ekki. Það er særandi fyrir einstakling með málstol, ef maður „lætur sem maður skilji“. Það er betra að segja „ég skil að þú ert að reyna segja mér eitthvað en ég skil ekki alveg, hvað það er sem þú vilt segja. Er það eitthvað með.....?“
- prófaðu aðrar eða styrkjandi samskiptaaðferðir - notaðu t.d. pappír/blýant, líkamstjáningu og látbragð
- sjáðu til þess að einstaklingurinn með málstolið hafi myndir, ljósmyndir og önnur hjálpargögn við höndina
- ekki gefast upp – notaðu hugarflugjö

Ef einstaklingur á erfitt með að að skilja, þá skaltu:

- nota líkamstjáningu, látbragð og eðlileg tákni
- bentu eins oft og hægt er á það sem talað er um
- talaðu í stuttum setningum og talaðu aðeins um eitt atriði í einu
- notaðu venjuleg og hversdagsleg orð
- forðastu kaldhæðni - það getur verið erfitt að skilja brandara
- talaðu á einfaldan og eðlilegan hátt – en ekki barnamál
- talaðu skýrt og með stuttum hléum - en slepptu því að ýkja
- skrifaðu eða teiknaðu mikilvæg skilaboð
- styrktu samskiptin með hjálp dagatals, landakorts, taltöflu, ljósmynda, o.s.frv.
- gefðu samræðunum góðan tíma og vertu þolinmóð/ur



AFASI

Að geta ekki sagt eitthvað



Nordisk Afasiråd eru sameiginleg samtök norrænna áhugamannafélaga um einstaklinga sem hafa orðið fyrir málstoli og/eða heilablæðingu hafa gefið út þennan bækling á íslensku, vegna þeirrar staðreyndar að það finnst ekki bæklingur um einstaklinga með málstol sem tala íslensku.

Bæklingurinn er aðallega ætlaður fjölskyldum og aðstandendum einstaklinga með málstol. Við vonum að bæklingurinn komi að gagni.



Frekari upplýsingar um norræn samtök um málstol og heilablæðingar er að finna á heimasíðum samtakanna á sænsku, norsku, finnsku og dönsku.

Afasiförbundet i Sverige

www.afasi.se

Afasiforbundet i Norge

www.afasi.no

Hjärnforbundet rf.

www.aivoliito.fi

Hjernesagen

– Landssamtök fyrir einstaklinga sem hafa fengið blóðtappa eða blæðingu inn á heila

www.hjernesagen.dk



**Rr ekki það sama og
að hafa ekki neitt að segja**



ISLANDSK